

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 25. febrúar 2010 í máli nr. X-22/2009:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild

*(Andri Árnason hrl.)*

gegn

Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf.

*(Ragnar Halldór Hall hrl.)*

### I

Mál þetta var þingfest 21. september 2009 og tekið til úrskurðar 1. febrúar 2010. Sóknaraðili er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild, Bankastræti 7, Reykjavík, en varnaraðili er Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að krafa að fjárhæð 296.463.931 króna, ásamt 11,3% ársvöxtum frá 26. febrúar 2009 til 22. apríl 2009 (krafa nr. 167 á kröfulýsingarskrá) verði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., við slitameðferð varnaraðila, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu, með áorðnum breytingum. Sömu ársvextir, áfallandi eftir 22. apríl 2009, verði viðurkenndir sem eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur varnaraðila eru þær í fyrsta lagi að staðfest verði riftun á uppgreiðslu skuldabréfs í eigu sóknaraðila, útgefið af varnaraðila í flokki STRB 04 1, Isin nr. IS0000009280, sem fram fór 25. og 26. febrúar 2009 með þeim hætti að uppreiknuðu verðmæti bréfsins að fjárhæð 296.463.931 króna, var breytt í innlán sóknaraðila hjá varnaraðila, sbr. staðfestingu aðila 5. mars 2009.

Í öðru lagi gerir varnaraðili þá kröfu að kröfu sóknaraðila um viðurkenningu forgangsréttar fyrir kröfu hans á hendur varnaraðila á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991 og 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 verði hafnað, og að staðfest verði sú niðurstaða slitastjórnar varnaraðila að krafa sóknaraðila ásamt áföllnum vöxtum til 22. apríl 2009 hafi stöðu almennra krafna samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila, en vextir sem á kröfuna hafa fallið eða munu falla eftir þann dag verði flokkaðir sem eftirstæðar kröfur samkvæmt 1. tölulið 114. gr. nefndra laga.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila ásamt virðisaukaskatti.

## II

Samkvæmt gögnum málsins átti sóknaraðili skuldabréf að nafnverði 200.000.000 króna, útgefið af varnaraðila. Auðkenni skuldabréfsins var STRB 04 1 og ISIN númer IS0000009280. Engin uppgreiðsluheimild var í bréfinu. Fyrsti gjalddagi vaxta var 1. júní 2005 og gjalddagi höfuðstóls 1. júní 2010. Með skilagrein varnaraðila 25. febrúar 2009 keypti hann nefnt skuldabréf af sóknaraðila fyrir 296.463.931 krónu, að teknu tilliti til áfallinna vaxta, sem greiða skyldi 26. febrúar 2009. Samkvæmt sameiginlegri yfirlýsingu aðila 5. mars 2009 var staðfest að þeir hefðu komist að samkomulagi 26. febrúar 2009 um skilmála fyrir innláni sóknaraðila hjá varnaraðila að fjárhæð 296.463.931 króna. Samhliða framangreindu skuldbatt sóknaraðili sig til að lána varnaraðila frekari fjármuni í formi innláns hjá varnaraðila.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. mars 2009 var varnaraðila skipuð skilanefnd. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009 var varnaraðila veitt heimild til greiðslustöðvunar til 11. júní 2009 og hefur heimild til greiðslustöðvunar verið framlengd í tvígang, síðast til 10. september n.k.

Í kjölfar setningar laga nr. 44/2009 óskaði skilanefndin eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félaginu yrði skipuð slitastjórn og var svo gert 11. maí 2009. Gaf slitastjórnin út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist fyrri sinni í Lögbirtinga blaði 18. maí 2009. Kröfulýsingarfrestur rann út 18. júlí 2009. Ekki er ágreiningur um að frestdagur er 9. mars 2009 og að upphafsdagur kröfumeðferðar miðist við gildistöku laga nr. 44/2009 eða 22. apríl 2009, sbr. 1. mgr. og 2. ml. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Með bréfi slitastjórnarinnar til sóknaraðila 19. júní 2009 lýsti hún því álitum að framangreindar ráðstafanir 25. og 26. febrúar 2009 væru riftanlegar á grundvelli 1.

mgr. 134. gr. og 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 44/2009. Með bréfi sóknaraðila til varnaraðila 28. júní 2009 hafnaði hann því að innlán hjá varnaraðila væru þannig til komin að um riftanlega ráðstöfun væri að ræða. Hinn 15. júlí 2009 lýsti sóknaraðili kröfu að fjárhæð 296.463.931 króna auk vaxta og kostnaðar og krafðist þess að hún yrði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 112. gr. laga nr. 21/1991 þar sem um væri að ræða innlán hjá varnaraðila. Í skrá slitastjórnar um lýstar kröfur á hendur varnaraðila var krafa sóknaraðila, sem var nr. 167 á kröfuskránni, viðurkennd sem almenn krafa að fjárhæð 301.582.051 króna og var sóknaraðila tilkynnt sú afstaða með bréfi 30. júlí 2009.

Á kröfuhafafundi 6. ágúst 2009 var fjallað um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar þeirra. Allmargir kröfuhafar lýstu andmælum gegn afstöðu slitastjórnar til krafna sinna, þeirra á meðal sóknaraðili málsins. Var tvívegis boðað til sérstaks kröfuhafafundar í ágúst 2009 til að freista þess að ná samkomulagi um ágreininginn, en án árangurs.

Með bréfi slitastjórnar varnaraðila, móttæknu 1. september 2009, var ágreiningsefni máls þessa skotið til úrlausnar dómsins. Eins og fram er komið snýst ágreiningurinn um stöðu kröfu sóknaraðila í réttindaröð við slitameðferð varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess að kröfur hans verði flokkaðar sem forgangskröfur en slitastjórn telur kröfurnar flokkast sem almennar kröfur. Ekki er ágreiningur um að vextir á kröfuna frá 22. apríl 2009 flokkist sem eftirstæðar kröfur.

Í þinghaldi í málinu hinn 30. september 2009 var auk aðila máls þessa mætt af hálfu fjórtán annarra aðila sem óskuðu eftir að fá að láta ágreiningsefni málsins til sín taka og fjölgaði þessum aðilum síðan úr fjórtán í sautján. Var því mótmælt af hálfu sóknaraðila að aðilum þessum væri heimiluð meðalganga en varnaraðili gerði ekki athugasemdir við að þessir aðilar fengju aðild að málinu. Var leyst úr þeim ágreiningi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. nóvember 2009, og var niðurstaðan sú að hafnað var kröfu þessara aðila um að fá meðalgönguaðild að málinu. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum 10. desember 2009.

### III

Sóknaraðili kveður að samkvæmt bréfi varnaraðila til sóknaraðila 30. júlí 2009 hafi borið að líta á tilkynningu varnaraðila til sóknaraðila 19. júní 2009 sem yfirlýsingu um riftun og hafi um lagastoð fyrir riftuninni jafnframt verið vísað til þeirrar tilkynningar. Samkvæmt hlutaðeigandi tilkynningu frá 19. júní 2009 hafi verið vísað til ákvæða 1. mgr. 134. gr. og 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. varðandi röksemdir. Hafi verið vísað til þess að riftunarreglur byggðust á meginreglunni um jafnræði kröfuhafa en umþrætt viðskipti hafi raskað

Því. Þá hafi enn fremur komið fram að það sem raunverulega hafi átt sér stað hafi verið að skuldabréf hafi verið greitt upp fyrir gjalddaga og uppgreiðslufjárhæð lögð inn á innlánsreikning. Nánar tiltekið að það sé uppgreiðsla skuldabréfsins sem sé riftanleg á grundvelli ákvæðisins þar sem greitt hafi verið fyrir gjalddaga samhliða því að nýr samningur hafi verið gerður um kröfuna sem veitt hafi kröfuhafanum betri réttarstöðu en hann hafði áður gagnvart öðrum kröfuhöfum félagsins.

Telur sóknaraðili að líta verði svo á að umþrætt riftunartilkynning, hvort heldur sem réttaráhrifin miðist við móttöku erindisins 19. júní 2009 eða 30. júlí 2009, feli í sér að riftun hafi þegar átt sér stað. Að mati sóknaraðila verði lögmæti riftunarinnar eingöngu endurskoðað á grundvelli þeirra ákvæða sem hún hafi byggst á, þ.e. á grundvelli 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti, en ekki verði afdráttarlaust ráðið af riftunartilkynningunni að rift sé á grundvelli 137. gr. laganna. Verði litið svo á að túlka megi riftunaryfirlýsinguna þannig að hún byggji á tilvitnuðu ákvæði byggji sóknaraðili á því að það fái ekki staðist.

Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenju legum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Af tilkynningu varnaraðila til sóknaraðila 19. júní 2009 verði ekki með góðu móti ráðið á hvaða grundvelli varnaraðili telji skilyrði umrædds ákvæðis uppfyllt. Eigi sóknaraðili eðli málsins samkvæmt óhægt um vik með að hnekkja ákvörðun slitastjórnar þegar sú ákvörðun sé í reynd ekki rökstudd með afgerandi hætti í riftunartilkynningu. Á því tímamarki sem umþrætt ráðstöfun átti sér stað hafi verið talið að fjárhagsstaða varnaraðila væri sterk og hann væri ekki í fjárhagslegum örðugleikum.

Af málsatvikum virðist einkum mega ráða að varnaraðili líti svo á að umþrætt skuld varnaraðila gagnvart sóknaraðila hafi verið greidd fyrr en eðlilegt gat talist. Sóknar aðili vísi til þess að tilgangurinn á bak við þá reglu laga um gjaldþrotaskipti að greiðsla skuldar fyrir gjalddaga geti verið riftanleg sé einkum sá að tryggja að kröfuhafi, sem veit eða má vita um fjárhagsvandræði skuldara, geti ekki knúið á um greiðslu skuldar fyrir gjalddaga í því skyni að tryggja sér fullar efndir og jafnframt á kostnað annarra kröfuhafa. Slík ótímabær greiðsla af hálfu skuldara sé almennt til þess fallin að rýra fjárhagsstöðu og greiðslugetu hans. Enn fremur að skuldari reyni ekki að ívilna einum kröfuhafa á kostnað annarra með slíkum hætti. Framan greindu hafi hins vegar ekki verið til að dreifa í umþrættum viðskiptum aðila. Í því sambandi bendi sóknaraðili á að frumkvæðið að hlutaðeigandi viðskiptum hafi verið hjá varnaraðila en ekki sóknaraðila. Hafi viðskiptin fyrst og fremst helgast af því að varnaraðili hafi viljað bæta lausafjárstöðu sína enda virðist hún, eins og síðar hafi komið í ljós, hafa mátt vera sterkari enda þótt eiginfjárlutfall varnaraðila, að minnsta kosti samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi miðlað til markaðarins, hafi verið vel yfir lögboðnum lágmarkum. Í reynd hafi verið um nokkurs konar endurlán eða endurfjármögnun að ræða, þ.e. kaup bréfsins hafi um leið falið í sér

nýja lánveitingu í formi innláns sem kaupverðinu nam auk viðbótarfjármuna sem skyldu endurgreiðast á tilteknum kjörum síðar.

Framangreind viðskipti verði að mati sóknaraðila ekki lögð að jöfnu við þau viðskipti sem almennt séu talin fela í sér greiðslu skuldar fyrir en eðlilegt sé í skilningi 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti enda hafi í reynd engin greiðsla farið fram, hvað þá að greiðslugeta skuldara hafi verið skert. Greiðslugeta skuldara og fjárhagsstaða hafi í reynd verið bætt frá því sem áður var. Hafi umrædd ráðstöfun því engin neikvæð áhrif haft á fjárhagsstöðu skuldara á þeim tíma sem hún hafi átt sér stað. Því hafi ekki á tímamarki viðskiptanna verið um einhliða auðgun sóknar aðila að ræða á kostnað varnaraðila. Þá sé heldur ekki um það að ræða að varnar aðili hafi með umþrættu ráðstöfun brugðist trúnaði gagnvart kröfuhöfum sínum eftir að honum varð ljóst að fjárhagur hans væri að bresta, svo sem almennt gildi um þau tilvik sem falli undir ákvæðið. Þvert á móti hafi ráðstöfunin átt að vera í þágu varnaraðila og þar með í þágu allra kröfuhafa, enda hafi hún verið til þess fallin að bæta lausafjárstöðu hans þar sem hann hafi samhliða fengið lánaða viðbótarfjármuni.

Samkvæmt öllu framangreindu verði að telja að umþrætt ráðstöfun falli utan við gildissvið riftunarreglu 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti, enda ráðstöfunin utan eðlis riftunarreglunnar og þeirra sjónarmiða er búi henni að baki.

Þá telur sóknaraðili að umrædd kaup teljist venjuleg eftir atvikum í skilningi tilvitnaðs ákvæðis en með gerningnum hafi verið ætlunin að bæta lausafjárstöðu varnaraðila, öllum kröfuhöfum til góðs, en ekki að ívilna sóknaraðila á kostnað annarra kröfuhafa. Þá hafi verið talið að greiðsla fyrir gjalddaga geti talist venjuleg eigi hún sér sérstakar réttlættingarástæður, svo sem ef skuldari hefur metið það svo að slík greiðsla gæti verið honum hagfelld.

Þá bendir sóknaraðili á að um hafi verið að ræða skráð markaðsbréf. Umrætt markaðsverðbréf hafi verið skráð í Kauphöllinni, þ.e. á skipulögðum verðbréfa markaði, allt þar til það hafi verið afskráð þar í júní 2009 samkvæmt beiðni varnaraðila vegna greiðslustöðvunar hans. Ljóst sé að við útgáfu umrædds skulda bréfaflokks hafi allt eins verið gert ráð fyrir því að umrædd markaðsbréf gengju kaupum og sölum á verðbréfamarkaði allt fram að lokadegi svo sem algengt sé. Af hálfu sóknaraðila hafi við upphafleg kaup á umræddu bréfi allt eins verið ráðgert að skuldabréfið yrði selt fyrir lokadag þess á markaðsgengi. Þá hafi mátt gera ráð fyrir að varnaraðili kynni á einhverju stigi á líftíma bréfanna að verða skráður eigandi þeirra enda algengt að útgefendur skuldabréfa sem skráð séu í Kauphöll eigi sjálfir slík bréf, án þess að krafa að baki þeim teljist fallin niður. Hér beri að benda á að samkvæmt skráningarskilmálum skuldabréfaflokksins, hafi varnaraðila sem við skiptavaka verið skylt að leggja fram dagleg kaup- og sölutilboð í skuldabréfin í Kauphöll Íslands. Af framangreindum ástæðum hafi umþrætt ráðstöfun heldur ekki

getað talist óvenjuleg. Þá megi og benda á að sóknaraðili hafi á hverjum tíma þurft að stýra ávöxtun fjármuna sinna og ráðstafa fjármunum milli einstakra ávöxtunar kosta. Ljóst sé að innlán hjá fjármálafyrirtækjum sé einfaldlega einn kostur í því sambandi, meðal annars með tilliti til vaxtakjara. Sé því algengt að tilflutningur eigi sér stað milli slíkra kosta.

Til viðbótar öllu framangreindu bendi sóknaraðili einnig á að í reynd hafi ekki verið um að ræða greiðslu á skuld í skilningi 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þvert á móti hafi krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila í reynd verið framseld honum. Sé sérstakur munur á greiðslu annars vegar og framsali hins vegar í kröfu réttarlegu tilliti en að mati sóknaraðila falli hið fyrrnefnda eingöngu undir ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Í þessu sambandi bendi sóknaraðili á að þó svo að fjármálafyrirtæki eignist fjármálagerning sem það hafi sjálft gefið út, leiði slíkt ekki til þess að krafan falli þar með niður, þ.e. að um samruna réttar og skyldu sé að ræða, heldur geri lög og venjur þvert á móti ráð fyrir því að fjármálafyrirtæki geti fram selt slíkan gerning á markaði á meðan hann sé skráður. Kaup varnaraðila á bréfinu hafi heldur ekki falið í sér greiðslu þess fyrir gjalddaga í skilningi 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti þar sem varnaraðili hafi hvenær sem er á tímabilinu fram að loka gjalddaga getað selt markaðsverðbréfið aftur, hefði ekki komið til afskráningar þess síðar. Sé jafnframt bent á að ekki sé hægt að greiða upp einstök bréf úr skuldabréfa flokkum sem skráð hafi verið í Kauphöll Íslands. Sóknaraðili vísi hér jafnframt til þess að riftunartilkynningar verði ekki skýrðar rýmkaði lögskýringu, enda í eðli sínu íþyngjandi í garð þeirra sem þær beinist að.

Af orðalagi riftunartilkynningar varnaraðila til sóknaraðila megi líta svo á að forsenda riftunar á grundvelli 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti sé í reynd sú að um óheimila tryggingarráðstöfun sé að ræða, sem falli undir 137. gr. laganna. Af því leiði að mati varnaraðila að til riftunar á grundvelli 134. gr. geti einungis komið, ef um riftanlega tryggingarráðstöfun á grundvelli 137. gr. teljist vera að ræða. Af hálfu sóknaraðila sé hins vegar ekki fallist á að um riftanlega ráðstöfun sé að ræða á grundvelli 137. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti megi krefjast riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Af riftunartilkynningu varnaraðila verði ekki ráðið að riftun hans byggji í reynd á 137. gr. laganna heldur að uppgreiðsla skuldabréfsins sé riftanleg á grundvelli ákvæðisins þar sem greitt hafi verið fyrir gjalddaga samhliða því að nýr samningur hafi verið gerður um kröfuna sem veitt hafi kröfuhafanum betri réttarstöðu en hann hafði áður gagnvart öðrum kröfuhöfum félagsins. Af hálfu sóknaraðila sé aðallega á því byggt að umþrætt ráðstöfun teljist ekki riftanleg í skilningi 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá sé á því byggt að riftunartilkynningin sé óljós hvað þetta varðar en á því beri varnaraðili allan halla. Ef talið verði að riftun varnaraðila byggji á ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti telji sóknaraðili óljóst á hvaða grundvelli varnaraðili telji umþrætt ákvæði geta átt við um viðskipti aðila. Af málatilbúnaði varnaraðila verði

þó einna helst ráðið að hann telji að það að stofnað hafi verið til nýrrar skuld bindingar í formi innláns sem njóti rétt hæðar samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, samhliða kaupum á skuldabréfinu, feli í sér veitingu tryggingarréttinda í þágu sóknaraðila.

Sóknaraðili hafni því alfarið að umþrætt ráðstöfun feli í sér veitingu tryggingarréttinda. Sóknaraðili vísar annars vegar til þess, að það að krafa njóti verndar samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti verði ekki lagt að jöfnu við veðrétt eða tryggingarrétt í hefðbundnum lagalegum skilningi. Slík réttindi eigi þvert á móti undir 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti, en ekki undir 112. gr. laganna. Hugtökin verði heldur ekki skýrð rýmri merkingu heldur en almennt tíðkist þar sem riftunarreglur laga um gjaldþrotaskipti verði almennt ekki skýrðar rýmkaði lögskýringu þar sem þær séu í eðli sínu íþyngjandi reglur. Hins vegar vísar sóknaraðili til þess að með veði og tryggingarréttindum í skilningi 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti sé ekki átt við réttindi sem verði leidd af lögum. Svo sé hins vegar ástatt hér að mati sóknaraðila, enda staða innistæðna við gjaldþrotaskipti leidd af lögum. Ekki verði séð að það sé á valdi dómstóla að synja innlánnum um réttarstöðu á grundvelli 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Riftun á slíkri réttarstöðu á grundvelli ákvæðis 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti sé þannig ekki tæk.

Þá vísar sóknaraðili einnig til þess að forsenda þess að veð- eða tryggingarréttindi séu riftanleg samkvæmt 137. gr. sé að ekki sé stofnað til þeirra á sama tíma og skuldarinnar. Svo sé hins vegar ekki ástatt hér. Verði litið á stöðu innstæðna samkvæmt lögum sem veð- eða tryggingarréttindi, þá hafi í reynd verið stofnað til þeirra um leið og stofnað hafi verið til innláns skuldbindingarinnar sem slíkrar. Þegar af þessum ástæðum verði jafnframt að hafna því að umþrætt ráðstöfun geti talist riftanleg á grundvelli 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Sóknaraðili vísar enn fremur til þess að baki umþrættu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti búi sjónarmið um að skuldari hygli ekki tilteknum kröfuhafa á kostnað annarra með því að veita honum veð- eða tryggingarréttindi, þegar honum megi vera ljóst að veruleg fjárhagsleg vandræði steðji að honum, gagngert í því skyni að tryggja að hlutaðeigandi kröfuhafi fái fullar efndir komi til gjaldþrotaskipta. Framangreind viðskipti hafi hins vegar ekki haft það að markmiði. Að þessu leyti falli þau því jafnframt utan eðli riftunarreglna og þeirra sjónarmiða sem búi þeim að baki, þar með talið 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Af hálfu sóknaraðila sé þess krafist að fjárhæð sú sem krafist sé viðurkenningar á sem forgangskröfu beri vexti í samræmi við umsamin innlánskjör og að áfallnir vextir til 22. apríl 2009 njóti einnig forgangs samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Um lagarök vísar sóknaraðili til laga um gjaldþrotaskipti, 134. og 137. gr. laganna, svo og meginreglu gjaldþrotaréttar, þar með talið um tilgang og eðli riftunarreglna. Enn fremur vísar sóknaraðili til laga um fjármálafyrirtæki, með áorðnum breytingum.

#### IV

Varnaraðili kveður að með 6. gr. laga nr. 44/2009 hafi efni 102. gr. laga nr. 161/2002 verið breytt verulega. Eftir þá breytingu sé 3. mgr. lagagreinarinnar svohljóðandi:

„Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og um réttthæð krafna á hendur þrotabúi, en þó skulu kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta réttthæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Að því leyti sem réttthæð krafna getur ráðist samkvæmt þeim lögum af þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal miða á sama hátt við úrskurð um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita.“

Ákvæði laga nr. 161/2002 um slit fjármálafyrirtækja hafi tekið gagnarum breytingum með lögum nr. 44/2009. Þar sé meðal annars mælt fyrir um hlutverk og viðfangsefni skilanefnda og slitastjórna, en jafnframt séu þar ákvæði til bráðabirgða sem hér skipti miklu máli. Þannig sé í ákvæði II. til bráðabirgða mælt fyrir um allmargar sérreglur sem taki til fjármálafyrirtækja sem njóti heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laganna. Varnaraðili hafi haft heimild til greiðslustöðvunar á þeim tíma og sérreglurnar eigi því beint við um fyrirtækið, skilanefnd þess og slitastjórn.

Í 3. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða sé mælt fyrir um hlutverk sem skilanefnd sé ætlað samkvæmt tilteknum ákvæðum í lögnum. Þetta sé orðað þannig í ákvæðinu:

„Skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli [5. gr. laga nr. 125/2008](#), skal með óbreyttu heiti halda áfram störfum og gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. másl. 4. mgr. 101. gr., 1. másl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna, sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara.“

Í 4. tölul. sama bráðabirgðaákvæðis segi síðan um verkefni slitastjórnar:

„Til annarra verka slitastjórnar en um ræðir í 3. tölul. skal héraðsdómari eftir skriflegri beiðni skilanevndar skipa fyrirtækinu slíka stjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara.“

Varnaraðili telji þetta afar þýðingarmikil ákvæði, einkum vegna ákvæða í 4. mgr. 101. gr. laganna, sem sé svohljóðandi:

„Þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipar héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni.“

Af þessu ákvæði leiði að slitastjórn varnaraðila hafi sams konar hlutverk við slitameðferð félagsins eins og skiptastjóri hafi við gjaldþrotaskipti samkvæmt lögum nr. 21/1991, þótt verkefni slitastjórnarinnar takmarkist af því sem falli undir verksvið skilanevndar.

Hafi slitastjórn varnaraðila tilkynnt sóknaraðila með bréfi 30. júlí 2009 að hún hefði hafnað kröfu hans um að umrædd krafa yrði viðurkennd sem forgangskrafa. Í bréfinu sé því lýst að slitastjórnin rifti því svokallaða uppgjöri sem fram hafi farið á skuldabréfskröfu sóknaraðila með því að krafan hafi verið gerð að innlánskröfu hjá varnaraðila. Sé um þetta meðal annars vísað til bréfs slitastjórnar til sóknaraðila 19. júní 2009.

Varnaraðili geri í máli þessu kröfu um að riftunin verði staðfest. Málsástæður fyrir riftunarkröfunni séu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi bendir varnaraðili á að með 6. gr. laga nr. 125/2008 hafi ákvæði um forgangsrétt bankainnstæðna hjá fjármálafyrirtækjum fyrst verið lögfest hér á landi. Lög þessi séu í daglegu tali kölluð „neyðarlögin“ vegna aðstæðna á fjármálamarkaði hér á landi við lögfestingu þeirra hinn 6. október 2008. Svo sem lýst sé í greinargerð sóknaraðila hafi aðilar málsins gert með sér samkomulag um að ógjaldfallnar kröfur sem sóknaraðili hafi átt á hendur varnaraðila samkvæmt

skuldabréfum yrðu greiddar og að andvirðið skyldi lagt inn á innlánsreikning hjá varnaraðila. Þessari viðskiptahugmynd sé þannig lýst í tölvupósti frá varnaraðila til sóknaraðila en þar segi:

„Straumur kaupir tilbaka skuldabréf (þó ekki víkjandi bréf) og setur andvirðið í innlán til sama dags og skuldabréfið var til. Fjármögnun er óbreytt, þ. e. a. s. innlánið greiðir sömu vexti og skuldabréfið upprunalega. Til viðbótar kemur 50% af andvirði í formi innláns til 3ja mánaða og ber það markaðskjör. Í dag er 3ja mánaða kvót (í boði IMF) í 21,5% og fyrir liggur, eins og þið vitið, staðfesting Tryggingasjóðs Innlána um aðild Straums að sjóðnum og ábyrgð Ríkisins að baki Tryggingasjóðs Innlána.“

Af þessu sé ljóst að varnaraðili bjóði sóknaraðila að breyta skuldabréfakröfu hans í innlán að því tilskildu að sóknaraðili leggi einnig fram nýtt fé inn á innlánsreikning í bankanum. Hafi allmargir lífeyrissjóðir ákveðið að taka sams konar tilboði strax, en sóknaraðili hafi ekki tekið boðinu að sinni. Ákvörðun aðila um að gera viðskiptin hafi verið tekin 26. febrúar 2009 og sé það staðfest með bréfi undirrituðu af hálfu beggja aðila 5. mars 2009.

Af gögnum málsins sé að mati varnaraðila ljóst að skuldabréfskrafan sem sóknaraðili hafi fengið greidda með framangreindum hætti hafi ekki verið greidd með peningum, heldur hafi hún verið reiknuð upp samkvæmt skilmálum skuldabréfsins og breytt í innlán sem skyldi vera bundið til þess tíma sem annars hefði verið gjalddagi skuldabréfsins og skila kröfuhafanum sömu ávöxtun.

Byggi varnaraðili riftunarkröfu sína annars vegar á 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Sé á því byggt að með þeim hætti sem lýst hafi verið hafi sóknaraðili fengið greiðslu bæði með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt var í skilningi nefnds lagaákvæðis. Skilyrði riftunar samkvæmt lagaákvæðinu séu því uppfyllt.

Venjulegur greiðslueyrir sé peningar. Umrædd krafa hafi ekki verið greidd með peningum heldur hafi henni verið breytt í innlánskröfu. Að öðru leyti hafi ekkert uppgjör farið fram.

Svokölluð greiðsla á skuldabréfinu hafi ekki farið fram á gjalddaga þess heldur hafi verið samið um að breyta skuldabréfskröfunni í innlán. Þess vegna hafi ekki verið um það að ræða að varnaraðili hafi keypt bréfið af sóknaraðila því engin eiginleg greiðsla hafi farið fram. Í ljósi þess verði að líta svo á að í skilningi 1. mgr. 134. gr.

laga nr. 21/1991 hafi svokölluð „greiðsla“ farið fram fyrr en eðlilegt hafi verið. Skilyrði riftunar samkvæmt lagaákvæðinu sé einnig uppfyllt vegna þessa. Varnaraðili telji augljóst að þessi gerningur verði ekki réttlættur með því að svokölluð greiðsla hafi verið venjuleg eftir atvikum.

Af hálfu varnaraðila sé byggt á að engu máli skipti hvort sóknaraðili hafi verið í góðri trú um lögmæti umræddra viðskipta þegar þau fóru fram og að hann hafi talið að eignir varnaraðila væru meiri en skuldir félagsins. Málið snúist að mati varnaraðila ekki um það hvort viðskiptin hafi verið lögmæt. Snúist málið um það hvort sú staðreynd að varnaraðili sé ógjaldfært félag sem tekið hafi verið til slitameðferðar leiði til þess að rifta beri þessum gerningum. Riftunaregla 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 mæli eingöngu fyrir um hlutlæg skilyrði riftunar. Ekki sé um það deilt að umrædd viðskipti hafi átt sér stað innan síðustu sex mánaða fyrir frestdag við slitameðferð varnaraðila. Ekki sé áskilið í lagagreininni að viðsemjandinn þurfi að hafa haft einhverja tiltekna vitneskju um raunverulega fjárhagsstöðu skuldarans.

Í öðru lagi sé riftunarkrafa varnaraðila einnig sjálfstætt byggð á 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991. Sé á því byggt að með umræddum viðskiptum hafi sóknaraðili fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað hafi verið til skuldarinnar.

Varnaraðili telji að þau viðskipti sem mál þetta snúist um hafi í reynd ekki snúist um annað en að bæta stöðu sóknaraðila gagnvart öðrum kröfuhöfum varnaraðila. Sú sérstaka aðstaða sem skapast hafi með áðurnefndu ákvæði svonefndra neyðarlaga hafi gert varnaraðila kleift að fjármagna rekstur sinn með innlánnum sem eftir lagabreytinguna hafi haft betri réttindastöðu í skuldaröð en áður hafði verið. Með því að breyta kröfu sóknaraðila úr skuldabréfskröfu í innlánskröfu hafi sóknaraðili verið færður upp fyrir aðra kröfuhafa sem annars hafi verið með hliðstæðar kröfur á hendur varnaraðila. Telji varnaraðili að þarna hafi sóknaraðili fengið sérstök tryggingarréttindi fyrir kröfu sem annars hafi verið ótryggð en ákvæði 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991 sé einmitt sett til að tryggja réttarstöðu kröfuhafa sem annars myndu sitja eftir.

Varnaraðili mótmæli því ekki að sóknaraðili hafi verið í góðri trú um að varnaraðili ætti fyrir skuldum þegar viðskiptin fóru fram en telur að slíkt skipti ekki máli fyrir niðurstöðu í málinu.

Málskostnaðarkröfu sína byggir varnaraðili á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## V

Eins og fram er komið liggur fyrir að aðilar málsins gerðu með sér samkomulag um að breyta skuldbindingum varnaraðila samkvæmt skuldabréfi í eigu sóknaraðila í innlán gegn því að sóknaraðili legði varnaraðila til frekari fjármuni í formi innláns. Með bréfi slitastjórnar varnaraðila til sóknaraðila 19. júní 2009 voru þau sjónarmið viðruð að framangreind breyting á skuldabréfakröfu í innlán kynni að vera riftanleg á grundvelli XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og vísaði slitastjórnin til þess að lögfræðialit sem hún hefi aflað sér væri á þá lund að breytingin væri riftanleg samkvæmt 134. gr. og eftir atvikum 137. gr. laganna.

Í bréfinu eru efni 1. mgr. 134. gr. og 1. mgr. 137. greina laganna og sjónarmið að baki þeim rakin. Svo segir í bréfinu að það sem raunverulega hafi átt sér stað hafi verið að skuldabréf hafi verið greitt upp fyrir gjalddaga og uppgreiðslufjárhæð verið lögð inn á innlánsreikning. Nánar tiltekið sé það uppgreiðsla skuldabréfanna sem sé riftanleg þar sem greitt hafi verið fyrir gjalddaga samhliða því að nýr samningur hafi verið gerður um kröfuna sem veitt hafi kröfuhafanum betri réttarstöðu en hann áður hafði gagnvart öðrum kröfuhöfum.

Með bréfi 30. júlí 2009 til sóknaraðila tilkynnti svo slitastjórn varnaraðila um afstöðu til kröfulýsingar sóknaraðila þar sem forgangsrétti kröfunnar var hafnað og tekið fram að líta beri á tilkynningu þessa sem yfirlýsingu um riftun umræddrar ráðstöfunar og um lagastoð fyrir riftun væri vísað til fyrrgreinds bréfs 19. júní 2009.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. skal við þingfestingu ágreiningsmáls af því tagi sem hér um ræðir gefa sóknaraðila kost á að skila greinar gerð þar sem jafnframt komi fram til fullnaðar hverjar kröfur hann hafi uppi og á hverju þær séu byggðar ásamt frekari gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Að framkomnum gögnum sóknaraðila skal varnaraðila gefinn kostur á að leggja fram greinargerð af sinni hendi þar sem fram komi kröfur hans ásamt gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Af þessu verður ráðið að með framkomnum greinargerðum aðila verður lagður grundvöllur málsins og verður ekki fallist á að varnaraðili hafi með fyrrgreindum bréfum til sóknaraðila bundið hendur sínar varðandi kröfur sínar og rök fyrir þeim. Hins vegar þykir ljóst að málatilbúnaður varnaraðila er í fullu samræmi við þau sjónarmið sem þar eru rakin. Þá verður með engu móti séð að það hafi hamlað málatilbúnaði sóknaraðila að slitastjórnin hafi ekki rökstutt með nægilega skýrum hætti á hvaða grundvelli hún taldi umdeilda ráðstöfun riftanlega. Er ítarlega rökstutt í bréfi slitastjórnar til sóknaraðila hinn 19. júní 2009 með hvaða rökum slitastjórn varnaraðila telur umdeilda ráðstöfun riftanlega. Þá verður málatilbúnaður varnaraðila með engu móti skilinn svo að hann byggji riftunarkröfu sína á því skilyrði 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 að greidd hafi verið fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu varnaraðila verulega heldur á því að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en

eðlilegt var.

Samkvæmt gögnum málsins og málalíbúnaði varnaraðila verður ekki annað ráðið en að hann byggji riftunarkröfur sínar sjálfstætt á annars vegar 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og hins vegar á 1. mgr. 137. gr. laganna en ekki á því að forsenda riftunar á grundvelli 134. gr. sé í reynd sú að um óheimila tryggingarráðstöfun sé að ræða sem falli undir 137. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrir en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamanns verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Ekki er deilt um að umdeild ráðstöfun fór fram innan sex mánaða fyrir frestdag. Varnaraðili telur að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrir en eðlilegt var. Ljóst er að þegar umdeild ráðstöfun átti sér stað dagana 25. og 26. febrúar 2009 var gjalddagi skuldabréfsins ekki kominn enda var hann 1. júní 2010. Var krafan samkvæmt skuldabréfinu því ógjaldfallin þegar hún var greidd og þar með var hún greidd fyrir en eðlilegt var. Þykir engu breyta í þessu efni að varnaraðili hafi haft frumkvæðið að þessum viðskiptum í því skyni að bæta lausafjárstöðu sína eða að varnaraðili hefði hugsanlega getað selt bréfið aftur eftir að hann leysti það til sín.

Þá er ljóst að krafan samkvæmt umræddu skuldabréfi var í raun greidd upp með því að í stað kröfu samkvæmt skuldabréfinu eignaðist sóknaraðili inneign í formi innláns hjá varnaraðila. Var því um að ræða greiðslu á skuld í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslan fór þannig fram að í stað þess að greiða kröfuna með peningum eignaðist sóknaraðili aðra kröfu á varnaraðila í formi innláns með því að krafan samkvæmt skuldabréfinu var reiknuð upp í samræmi við skilmála bréfsins og breytt í innlán. Var því um það að ræða að krafan samkvæmt skuldabréfinu var greidd með óvenjulegum greiðslueyri.

Að því virtu sem nú hefur verið rakið þykir fullnægt þeim skilyrðum 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 fyrir riftun að skuld samkvæmt skuldabréfinu var greidd með óvenjulegum greiðslueyri og var hún greidd fyrir en eðlilegt var.

Þá er eftir að taka afstöðu til þess hvort umrædd greiðsla hafi þrátt fyrir allt virst venjuleg eftir atvikum. Sóknaraðili telur að svo hafi verið þar sem ætlunin með ráðstöfuninni hafi verið að bæta lausafjárstöðu varnaraðila en ekki að ívilna einum

kröfuhafa á kostnað annarra. Þannig hafi greiðsla á kröfunni fyrir gjalddaga átt sér réttlætningarástæður þar sem varnaraðili hafi metið það svo að greiðslan væri honum hagfelld. Framangreind atriði þykja ekki sýna fram á það svo ekki verði um villst að umdeild ráðstöfun hafi af þessum sökum virst venjuleg eftir atvikum, en ljóst er að ráðstöfun þessi var allt önnur en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á það með haldbærum rökum að ráðstöfunin hafi þrátt fyrir allt virst venjuleg eftir atvikum og verður hann að bera hallann af því. Verður ekki séð hvaða máli það skiptir í þessu tilliti að við útgáfu skuldabréfsins sem hafi verið skráð markaðsbréf hafi allt eins verið gert ráð fyrir að það gengi kaupum og sölum á verðbréfmarkaði, jafnvel að varnaraðili eignaðist það sjálfur, eða að varnaraðila hafi borið að leggja fram dagleg kaup- og sölutilboð í Kauphöll Íslands varðandi skuldabréfið. Þá verður heldur ekki séð að greiðslan hafi þrátt fyrir allt virst venjuleg eftir atvikum þar sem innlán hjá fjármálafyrirtækjum sé einn af þeim kostum sem sóknaraðila bjóðist við að stýra ávöxtun fjármuna sinna.

Sóknaraðili heldur því einnig fram að umdeild ráðstöfun hafi verið utan gildissviðs riftunarreglu 134. gr. laga nr. 21/1991 enda hafi hún verið utan eðlis riftunarreglunnar og þeirra sjónarmiða sem hún byggist á. Bendir sóknaraðili meðal annars á að tilgangurinn á bak við þá reglu að greiðsla skuldar fyrir gjalddaga geti verið riftanleg sé einkum að tryggja að kröfuhafi sem veit um eða má vita um fjárhagsvandræði skuldara geti ekki knúið á um greiðslu skuldar fyrir gjalddaga í því skyni að tryggja sér fullar efndir og þá á kostnað annarra kröfuhafa, en slík ótímabær greiðsla sé almennt til þess fallin að rýra fjárhagsstöðu og greiðslugetu skuldara auk þess sem hún kunni að ívilna einum kröfuhafa á kostnað annarra. Þessu hafi hins vegar ekki verið til að dreifa í þessu máli enda hafi allt frumkvæði komið frá varnaraðila og hafi viðskiptin fyrst og fremst helgast af því að varnaraðili vildi bæta lausafjárstöðu sína. Hafi í raun verið um að ræða endurlán auk viðbótarfjármuna. Sé að mati sóknaraðila ekki unnt að leggja slík viðskipti að jöfnu við þau viðskipti sem almennt séu talin fela í sér greiðslu skuldar fyrir en eðlilegt sé í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Með þessum viðskiptum hafi greiðslugeta skuldarans og fjárhagsstaða hans verið bætt. Ekki hafi verið um að ræða einhliða auðgun sóknaraðila að ræða á kostnað varnaraðila og ekki um það að ræða að varnaraðili hafi með þessu brugðist trúnaði gagnvart kröfuhöfum sínum.

Hlutverk riftunarreglna laganna um gjaldþrotaskipti er að tryggja enn frekar að markmið laganna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun eigna búsinis náist. Þannig gera riftunarreglur þrotabúinu kleift að ónýta með afturvirkum hætti ráðstafanir sem gerðar hafa verið og mismuna kröfuhöfum. Þykir ljóst að með hinni umdeildu ráðstöfun var jafnræði kröfuhafa raskað þegar skuldabréfakrafa sóknaraðila sem var almenn krafa var gerð að forgangskröfu með því að breyta henni í innlán. Með þessu var sóknaraðila ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa. Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að hin umdeilda ráðstöfun hafi verið utan eðlis riftunarreglu 134. gr. laga nr. 21/1991 og þeirra sjónarmiða sem hún byggist á.

Af riftunarreglu 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 verður ekki annað ráðið en að hún mæli eingöngu fyrir um hlutlæg skilyrði riftunar og skiptir því ekki máli hvort sóknaraðili hafi verið í góðri trú um lögmæti viðskiptanna þegar þau fóru fram og að hann hafi talið eignir varnaraðila meiri en skuldir hans. Þá breytir engu um skilyrði riftunar samkvæmt ákvæði þessu hvort varnaraðili hafi haft frumkvæði að viðskiptum þessum eða hver tilgangur hans var með þeim viðskiptum.

Þegar af þeim ástæðum sem nú hafa verið raktar verður riftunarkrafa varnaraðila tekin til greina með vísan til 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og þykja því ekki efni til að fjalla um það hvort skilyrði riftunar samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laganna séu fyrir hendi. Að þessu virtu eru dómkröfur varnaraðila teknar til greina eins og þær eru fram settar og nánar greinir í úrskurðarorði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Andri Árnason hrl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Ragnar H. Hall hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

## ÚRSKURÐARORÐ

Staðfest er riftun á uppgreiðslu skuldabréfs í eigu sóknaraðila, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, A-deild, útgefnu af varnaraðila, Straumi-Burðarási fjárfestinga banka hf., í flokki STRB 04 1, Isin nr. IS0000009280, sem fram fór 25. og 26. febrúar 2009 með þeim hætti að uppreiknuðu verðmæti bréfsins, 296.463.931 krónu, var breytt í innlán sóknaraðila hjá varnaraðila.

Hafnað er kröfu sóknaraðila um að krafa hans á hendur varnaraðila að fjárhæð 296.463.931 króna ásamt áföllnum vöxtum til 22. apríl 2009 verði við slitameðferð varnaraðila viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 og 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Staðfest er að krafa sóknaraðila hafi stöðu almennra krafna samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 og að áfallnir vextir á kröfuna eftir 22. apríl 2009 verði flokkaðir sem eftirstæðar kröfur samkvæmt 1. tl. 114. gr. laganna.

Málskostnaður fellur niður.

Greta Baldursdóttir

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjavíkur

25. febrúar 2010